ÍSLENSK VERÐBRÉF

Reglur um flokkun viðskiptavina

1 Tilgangur og markmið

Reglur þessar eru settar fram til að tryggja að Íslensk verðbréf hf. (hér eftir ,,**ÍV**“ eða „**félagið**“) hafi samræmt verklag við flokkun viðskiptavina, og tilgreina þau skilyrði sem viðskiptavinir þurfa að uppfylla ef óskað er eftir breyttri flokkun.

Flokkun viðskiptavina er mikilvægur þáttur í neytenda- og fjárfestavernd, þar sem réttarvernd viðskiptavina er mismunandi eftir því í hvaða fjárfestaflokk viðskiptavinur fellur. Almennir fjárfestar njóta mestrar verndar samkvæmt lögum, en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar njóta minni verndar.

2 Réttarheimildir

Þessar reglur eru settar fram á grundvelli 51.-55. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga („**lög um markaði fyrir fjármálagerninga**“) og framseldrar reglugerðar ESB nr. 2017/565 um skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja („reglugerð“).

3 Ábyrgð

Starfsmenn sem taka á móti fyrirmælum viðskiptavina um viðskipti með fjármálagerninga bera ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt í verki. Komi upp vafi við framkvæmd eða túlkun reglnanna skal leita álits hjá regluverði félagsins.

4 Upplýsingar til viðskiptavina

Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum upplýsingar á varanlegum miðli um flokkun þeirra, rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess.

5 Flokkun viðskiptavina

Við upphaf viðskiptasambands, áður en viðskipti eiga sér stað, skal félagið hafa flokkað viðskiptavini sína sem almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila. Félagið skal tilkynna viðskiptavini hvaða flokki viðskiptavina hann tilheyrir með sannanlegum hætti. Þá skal viðskiptavinur upplýstur um rétt sinn til að óska eftir annarri flokkun og fá fullnægjandi upplýsingar um hvað felst í hverri flokkun. Sérstaklega skal gengið úr skugga um að viðurkenndir gagnaðilar samþykki flokkun sína fyrir fram með sannanlegum hætti.

5.1 Almennur fjárfestir

Viðskiptavinur sem ekki telst fagfjárfestir eða sem óskað hefur eftir að flokkast sem almennur fjárfestir.

Fagfjárfestir

Viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar samkvæmt skilgreiningu 14. tl. 1. mgr. laga um markaði fjármálafyrirtækja:

a. Aðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög, lífeyrissjóðir og sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna og aðrir stofnanafjárfestar.
b. Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða:
    1. heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20.000.000 evrur eða hærri;

2. hrein ársvelta er jafnviði 40.000.000 evrur eða meiri; eða
3. eigið fé er jafnviði 2.000.000 evrur eða meira.

c. Ríkisstjórnir og sveitastjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Fjárfestingarbanki Evrópu og sambærilegar stofnanir.
d. Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
e. Aðrir viðskiptavinir sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli 54. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

ÍV skal upplýsa fagfjárfesti um rétt hans til að vera flokkaður sem almennur fjárfestir til samræmis við 52. gr. laga um markaði fjármálafyrirtækja. Óski fagfjárfestir eftir aukinni vernd skal hann undirgangast sérstakt samkomulag við félagið þar sem tiltekið er í hvaða tilfellum óskað er eftir aukinni vernd, t.a.m. í tilteknum viðskiptum eða við ákveðna þjónustu.

Viðurkenndur gagnaðili

Aðili sem fellur undir a-, b- eða c-lið 14. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga þar sem hugtakið fagfjárfestir er skilgreint og samþykkir eða fer fram á að teljast viðurkenndur gagnaðili.

Þegar félagið á viðskipti við viðurkenndan gagnaðila skal afla fyrir fram staðfestingar frá viðskiptavini þess efnis að hann skuli teljast viðurkenndur gagnaðili með skriflegum hætti. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða samþykki vegna einstakra viðskipta. Jafnframt skal félagið veita viðskiptavini skriflegar upplýsingar um afleiðingar þess að vera skilgreindur sem viðurkenndur gagnaðili og þá vernd sem hann getur glatað til samræmis við 71. gr. reglugerðarinnar.

Viðurkenndum gagnaðila er heimilt að krefjast þess að félagið fari með hann sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti í viðskiptum sínum. Ef viðurkenndur gagnaðili fer fram á aukna vernd, en fer ekki ótvírætt fram á að fá meðferð sem almennur fjárfestir og ÍV samþykkir slíka beiðni, skal farið með hann sem fagfjárfesti. Félaginu er einnig heimilt að fara með aðila sem almennan fjárfesti eða fagfjárfesti að eigin frumkvæði telji hann ástæðu til, sbr. a.liður 3. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar.

Viðurkenndum gagnaðila er enn fremur heimilt að fara fram á að ÍV fari eftir reglum um fjárfestavernd sem mælt er fyrir um í 33. gr., 1., 4. og 6.-9. mgr. 34. gr., 35.-41. gr., 44.-45. gr., 1., 6. og 7. mgr. 46. gr., 48. gr. og 1.–2. mgr. 49. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, í viðskiptum sínum við hann. Félagið hefur þó heimild til að eiga viðskipti við viðurkenndan gagnaðila án þess að fullnægja framangreindum skilyrðum komi ekki fram sérstök beiðni um að ÍV fari eftir framangreindum lagaákvæðum.

6 Breytingar sem hafa áhrif á flokkun viðskiptavinar

Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna félaginu um breytingar sem geta haft áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um markaði fyrir fjármálafyrirtæki.

Félaginu ber að grípa til viðeigandi aðgerða verði því kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti og breyta flokkun þess.

7 Skilyrði sem almennur fjárfestir þarf að fullnægja til að verða flokkaður sem fagfjárfestir

Almennur fjárfestir getur óskað eftir því að teljast fagfjárfestir almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Slík ósk þarf að berast félaginu skriflega á þar til gerðu eyðublaði.

Félagið skal leggja mat á sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu viðskiptavinar og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjárfesti skal hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

a) Viðskiptavinur hefur átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
    i. Einstaklingur sem óskar eftir að verða fagfjárfestir þarf sjálfur að hafa átt umrædd viðskipti fyrir eigin reikning og á eigin áhættu. Sýna verður fram á reynslu í þeim tegundum viðskipta sem ósk viðskiptavinar um að verða fagfjárfestir nær til. Sem dæmi má nefna að ef viðskiptavinur hefur eingöngu átt viðskipti með ákveðna tegund fjármálagerninga en óskar eftir að verða fagfjárfestir í öllum viðskiptum sínum er varhugavert að samþykkja færslu hans á milli flokka þar sem hann hefur þá ekki tilskylda reynslu í öðrum flokkum sem gera má ráð fyrir hjá fagfjárfestum.
    ii. Ef viðskiptavinur er lögaðili skal litið til þeirra viðskipta sem framkvæmd hafa verið fyrir hans hönd og fyrir hans reikning. Ekki er litið til persónulegrar reynslu forsvarsmanna lögaðilans. Að öðru leyti gilda ákvæði liðar a) um lögaðila.

b) Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis skal nema meira en jafnvirði 500.000 evrur í íslenskum krónum, m.v. opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
    i. Líta skal til persónulegrar nettóeignar viðskiptavinar. Til eignar í fjármálagerningum teljast fjármálagerningar, eins og þeir eru skilgreindir í 4. gr. laga um fjármálagerninga nr. 115/2021. Ef um er að ræða lögaðila skal litið til eigna hans, ekki þess aðila sem kemur fram fyrir hans hönd.

c) Viðskiptavinur gegnir eða hefur gegnt, í að minnsta kosti eitt ár, stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.
    i. Viðskiptavinur sem er einstaklingur þarf að hafa haft það að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár að meta áhættu af fjárfestingum og bera ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum. Framlínustarfsmenn á verðbréfasviði og í eignastýringu eru þeir sem fyrst og fremst uppfylla þessar kröfur. Aðrir sérfræðingar fjármálafyrirtækja s.s. lögfræðingar og ráðgjafar á öðrum sviðum myndu alla jafna ekki uppfylla þetta skilyrði.
    ii. Viðskiptavinur sem ekki starfar í fjármálageiranum getur uppfyllt þetta skilyrði ef viðkomandi hefur haft það að starfi í a.m.k eitt ár að bera ábyrgð á fjárfestingum og meta áhættu þeim tengda, sbr. t.d. fjárfestingarstjóri hjá lífeyrissjóði eða félagi sem tilgangur þess er að fjárfesta í fjármálagerningum.
    iii. Ef um er að ræða lögaðila skal litið til þekkingar þess starfsmanns lögaðila sem ber ábyrgð á fjárfestingum hans og metur áhættu þeim tengdum. Að öðru leyti gilda ákvæði liða i. og ii. um lögaðila.

Til viðbótar skal félagið leggja sjálfstætt mat á hvort orðið skuli við ósk viðskiptavinar um að færa hann í flokk fagfjárfesta og óska eftir viðeigandi gögnum og staðfestingum frá viðskiptavini eins og tilefni er til hverju sinni. Félagið skal gera viðskiptavini skýra grein fyrir þeirri réttarvernd og þeim bótarétti sem hann kann að verða af við færslu í flokk fagfjárfesta. Viðskiptavinur skal staðfesta skriflega að hann hafi kynnt sér yfirlit félagsins yfir flokka fjárfesta.

8 Eftirlit

Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

9 Breytingar og gildistaka

Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

9.1 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	Nýjar reglur

9.2 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Framkvæmdastjóri	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:			
Gildissvið:	Stefnan nær til allrar starfsemi ÍV.		
Yfirskjal:	Samþykktir félagsins		
Eigandi:	Framkvæmdastjóri, forstöðumaður sjóðastýringar.		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.